



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 29. mars, 2007

Ákvörðun nr. 14/2007

Samruni Sparisjóðs Vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar

1.

Með bréfi dagsettu 12. desember 2006 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum frá Sparisjóði Vélstjóra (SPV) og Sparisjóð Hafnarfjarðar (SPH) vegna fregna úr fjölmiðlum af samruna sparisjóðanna. Bréf barst Samkeppniseftirlitinu dagsett 15. desember undir fyrirsögninni „Tilkynning um samruna“ ásamt fylgigögnum. Bréf þetta uppfyllti ekki skilyrði þau sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 881/2005 um tilkynningu samruna og hófst því sá frestur sem Samkeppniseftirlitið hefur til þess að tilkynna um frekari rannsókn samruna sbr. 4. mgr. 17. gr. ekki við móttöku bréfsins. Þann 21. desember barst bréf frá SPV í hverju þess var farið á leit að Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu frá gerð samrunatilkynningar í samræmi við 7. gr. gr. reglna nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Hafnaði Samkeppniseftirlitið undanþágubeiðninni enda bjó Samkeppniseftirlitið ekki yfir upplýsingum á þeim tíma sem bentu til þess að upplýsingagjöf væri ónauðsynleg.

Þann 2. febrúar 2007 barst samrunaskrá þar sem framsetningin miðaðist að meginstefnu til við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu um samruna en samrunaaðilar höfðu áður veitt Samkeppniseftirlitinu nokkrar upplýsingar, þar á meðal var samkomulag stjórnna sparisjóðanna um sameininguna og samrunaáætlun auk ýmissa gagna. Telur Samkeppniseftirlitið að með ofangreindri upplýsingagjöf hafi SPV fullnægt skyldu sinni til þess að tilkynna um samruna í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að yfirtaka SPV á SPH feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

Á aðalfundi hins sameinaða sparisjóðs dags. 13. mars 2007 var samþykkt tillaga um nafnbreytingu. Er nýtt heiti sameinaðs félags samrunaaðila BYR sparisjóður.



2.

Hin sameinuðu félög, SPV og SPH, eru sparisjóðir í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. SPV hefur rekið afgreiðslur í Borgartúni, Hraunbæ og Síðumúla ásamt því sem SPV hefur fjárfest töluvert í hlutdeildarfélögum. SPH hefur rekið afgreiðslur á Strandgötu, á Garðatorgi og í verslun Fjarðarkaupa ásamt því sem sparisjóðurinn hefur meðal annars rekið netbanka.

3.

Í samrunaskránni kemur fram að með sameiningu sjóðanna megi hagræða í rekstri, auka umfang starfsemi sparisjóðanna og gera þá með því að samkeppnishæfari og traustari valkost. Að sögn samrunaaðila er starfsemi þeirra að meginstefnu til takmörkuð við höfuðborgarsvæðið. Veita samrunaaðilar þar alhliða fjármálaþjónustu, svo sem móttöku innlána, veitingu útlána, greiðsluþjónustu, gjaldeyrisþjónustu og útgáfu greiðslukorta ásamt því sem boðið er upp á verðbréfaþjónustu og miðlun.

Telja samrunaaðilar að samkeppni sé afar hörð á þeim mörkuðum sem þeir bjóða fram vörur sínar. Þannig starfi þrír öflugir viðskiptabankar á markaðsvæði samrunaaðila sem og aðrir aðilar sem starfa við fjármálaþjónustu.

Að mati samrunaaðila hefur samruni SPV og SPH takmörkuð áhrif á markaði enda sé markaðshlutdeild sparisjóðanna lág. Þá telja samrunaaðilar að jákvæð áhrif samrunans á rekstrarhorfur sparisjóðanna muni skila sér í víðtækari, betri og hagstæðari þjónustu við neytendur.

4.

Aðilar tengdir FL-Group eru meðal hluthafa Byrs. Magnús Ármann einn stjórnarmanna Byrs er jafnframt stjórnarmaður í FL-Group ásamt því að vera hluthafi í félögunum. FL-Group og tengdir aðilar ráða yfir töluverðum fjölda hlutabréfa í Glitni banka og sitja stjórnarformaður, forstjóri og aðstoðarforstjóri FL-Group í stjórn Glitnis. Jafnframt situr í stjórn Byrs framkvæmdastjóri MP fjárfestingarbanka, Styrmir Þór Bragason, og stjórnarmaður í bankanum, Jón Þorsteinn Jónsson.

Starfsemi Byrs sparissjóðs skarast að verulegu leyti við starfsemi Glitnis sem veitir alhliða bankaþjónustu. Eru þessi fyrirtæki þannig keppinautar m.a. í viðskiptabankaþjónustu. Minni skörun er við starfsemi MP fjárfestingarbanka en samkvæmt upplýsingum á heimasíðu félagsins hefur MP fjárfestingarbanki „*lagt áherslu á smærri markaði og nýmarkaði í Evrópu með mjög góðum árangri.*“¹

Samkeppniseftirlitinu hefur ekki verið tilkynnt um það á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga að FL-Group og/eða félög tengd FL-Group hafi náð virkum yfirráðum yfir Glitni. Á þessu stigi er því ekki ástæða til að ætla að umræddur

¹ Slóðin er: <http://mp.is/fyrirtaekid/> [sótt 28. mars 2007]



samruni SPV og SPH feli einnig í sér samruna við Glitni. Aftur á móti er það í verkahring Samkeppniseftirlitsins að kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar og óæskileg tengsl eða valdasamþjöppun sem takmarkað geti samkeppni. Stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Í þessu sambandi ber sérstaklega að hafa í huga að stjórnunar- og eignatengsl milli keppnauta á fákeppnismörkuðum geta haft mjög skaðleg áhrif á samkeppni og kallað á sérstakar aðgerðir yfirvalda.²

Geta umrædd stjórnunartengsl sem fyrir hendi eru í BYR sparisjóði við önnur fjármálafyrirtæki gert það að verkum að ástæða sé til þess að hefja rannsókn á samkeppnislegum áhrifum þeirra. Til slíkra álitaefna hefur Samkeppniseftirlitið þó ekki tekið afstöðu að svo stöddu heldur hefur einungis verið litið til samruna þessa máls á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga og þeirra gagna sem fyrir liggja í málinu. Getur Samkeppniseftirlitið því ekki útilokað að gripið verði til aðgerða vegna umræddra tengsla síðar að frumkvæði stofnunarinnar.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að fara gegn 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, sbr. þó sem að framan segir um stjórnunartengsl. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs Vélstjóra á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi Sparisjóðs Vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar um yfirtöku hins fyrrnefnda á öllu stofnfé hins síðarnefnda felst samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga vegna þessa samruna.“

² Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 142 og 156/84 *British American Tobacco Co Ltd v Commission* [1987] ECR 4487 og dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v. Commission* [1999] 4 CMLR 810.



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson